

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
starfsskýrsla skólaárið 2011-2012

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður safnsins og Steinunn Óskarsdóttir. Stöðugildi við safnið eru tvö.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og á föstudögum 8:00-15.30. Opnunartími er 41.5 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 15:25.

Útlán:

Útlán eru færð á þrjá vegu: í útlánaþátt Gegnis, í tvær bækur í afgreiðslu og loks eru skammtíma útlán innan skólans handskráð í afgreiðslu og talin eftir hvern dag. Í aðra bókina í afgreiðslunni eru skráð útlán á því safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og í hina bókina geta lánþegar skráð útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri. Almenna reglan er að lána ekki út tímarit, nema í tengslum við verkefnavinnu nemenda og til kennara.

Algengt er að safnefni sé sett á svokallað 'bundið lán'. Þá er safnefni lánað út á viðkomandi kennslustofu, en gjarnan staðsett í gryfjunni og gert er ráð fyrir að nemendur vinni að verkefnum á safninu, ýmist í kennslustundum eða í eyðum. Með þessu móti er unnt að tryggja jafnan aðgang nemenda að heimildum. Mikilvægt er að nemendur láti safnverði vita þegar þeir taka þetta efni út af safninu. Því miður hefur borið á því að efni hverfi sporlaust og birtist svo í fyllingu tímans að verkefninu loknu. Slík vinnubrögð bitna á öllum hinum nemendunum í áfanganum sem hafa þá á meðan ekki aðgang að þessu frátekna efni.

<u>ÚTLÁN:</u>	<u>HAUST 2011</u>	<u>VOR 2012</u>	<u>SAMTALS:</u>
Í GEGNI	1371	1251	2622
Í BÓK	205	280	485
INNAN SKÓLANS	5567	4612	10179
<u>SAMTALS:</u>	7143	6143	13286

Það er ánægjulegt að útlánum hefur fjölgað frá fyrra skólaári en þá voru þau 12047 en eru nú 13286.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 97 á skólaárinu. Eðlilega er mest leitað til Bókasafns Árborgar en einnig talsvert til annarra safna á landinu.

<u>Millisafnalán frá:</u>	<u>Haustönn 2011</u>	<u>Vorönn 2012</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur frá söfnum	18	14	32
Myndbönd og mynddiskar frá söfnum	9	24	33
Geisladiskar frá söfnum	19		19
Hljóðbækur	4	2	6
SAMTALS:	<u>50</u>	<u>40</u>	<u>90</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	<u>Haustönn 2011</u>	<u>Vorönn 2012</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur til safna	5	2	7
SAMTALS:	<u>5</u>	<u>2</u>	<u>7</u>

Samstarf við önnur söfn:

Töluvert samstarf er við önnur bókasöfn, einkanlega þó við Bókasafn Árborgar. Safnefni er fengið að millisafnaláni og samráð haft um ýmis mál.

Fundur bókasafna í Árborg var haldinn í FSu 14. mars. Á hann mættu fulltrúar sex bókasafna á Árborgarsvæðinu, frá Bókasafni Árborgar á Selfossi, Stokkseyri og Eyrarbakka, frá Vallaskóla og Sunnulækjarskóla og frá FSu. Rætt var um nýjan leitarvef, leitur.is, og nauðsyn þess að hægt verði að afmarka leit við ákveðin söfn líkt og í Gegni. Einnig voru rædd fjármál safnanna, útlán og rukkanir. Stefnt er að því að halda annan fund að ári.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hverrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin geta þá tekið frá bækur og sett þær á skemmri útlánstíma.

Bókasöfn á Suðurlandi eru með sameiginlegan póstlista fyrir stjórnunareininguna SUD50 í Gegni. Hann var stofnaður haustið 2008 og á honum eru söfn allt frá Reykjanesi og austur á Höfn í Hornafirði.

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna auk ríflega 300 annarra bókasafna á landinu. Vorið 2006 voru bókfræðifærslur úr Metrabók, gamla bókasafnskerfinu færðar yfir í Gegni. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í Metrabók og tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem er lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna.

Núna eru 1.708 færslur frá bókasafni FSu eftir í hliðargrunninum og er farið að sjá fyrir endann á verkinu. Við uppfærslu Gegnis í 20. útgáfu sumarið 2011 urðu ýmsar breytingar á hliðargrunninum. Ekki er nú lengur hægt láta kerfið búa til eintökin sjálfvirkt eins og áður, þ.e.a.s. byggt á sviði 950 og verður því að tengja eintök úr “hliðargrunninum” á sama hátt og önnur eintök. En jákvætt er að hægt er að leita í hliðargrunninum og afrita færslur eins og áður.

Allt nýtt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni að undanskildum kvikmyndum sem enn eru skráðar í Metrabók og upplýsingar um þær eru einnig settar inn á heimasíðu safnsins.

Metravefurinn var aflagður sumarið 2011 en hægt hefur verið að leita í Metrabók á honum frá haustinu 1999. Vefþjónn sem kerfið hefur verið keyrt á var orðinn mjög lélegur og ákveðið var að leggja hvorki í vinnu né kostnað við að setja kerfið upp á nýjan netþjón. Starfsmannaáðgangur er að Metrabók og hefur það komið sér einstaklega vel við yfirfærslu safngagna úr hliðargrunni Gegnis að geta skoðað skráningu í Metrabók.

Á árinu 2011 greiddi skólinn kr. 345.432 við þátttöku í Gegni eða kr. 28.786 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins, en fær virðisauka endurgreiddan.

Gagnasöfn:

Íslendingar hafa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefsíðunni <http://www.hvar.is>. Þar er ókeypis aðgangur að heildartextum um 19.600 tímarita, alfræðiritum og gagnasöfnum. Rúmlega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningsbókasöfn, bókasöfn framhaldsskóla, íslenskir háskólar, bókasöfn heilbrigðisstofnana, ráðuneyti, rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir, opinber hlutafélög, fyrirtæki o.fl. Einnig er greitt til Landsaðgangsins með framlögum á fjárlögum.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn og er greiðsluupphæð miðuð við nemendafjölda hvers skóla. Á árinu 2011 greiddi FSu kr. 72.394. Greitt er fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum: Britannica Online, Ebsco Host, Grove Art, Grove Music, Greinasafn Morgunblaðsins (nema síðustu þrjú ár hverju sinni), ProQuest Central og Web of Science - ISI.

Á skólanetinu er opinn aðgangur að veforðabókum Snöru og eru þær mikið notaðar.

Ákvörðun var tekin sl. haust um að segja upp áskrift að greinasafni Morgunblaðsins en skólinn hefur verið með þessa áskrift frá árinu 2004. Rétt er að taka fram að áskriftin veitir aðgang að síðustu þremur árum en eldra efni er öllum opið í landsaðganginum.

Safnkennsla:

Nýnemadagur var haldinn í upphafi haustannar 22. ágúst. Starfsmenn bókasafns tóku á móti sjö hópum nýnema og kynntu fyrir þeim þjónustu bókasafnsins í aðalatriðum.

Leitir.is, nýr leitarvefur var formlega opnaður þann 11. nóvember 2011. Hér er um að ræða samhæfða leit í alls átta gagnasöfnum og veitir þannig mun betri aðgang að safnkosti íslenskra bókasafna og efni valinna sérsafna. Nú er leitað samtímis í Gegni (samskrá íslenskra bókasafna), á bækur.is (stafrænar endurgerðir gamalla íslenskra bóka), Elib (safn rafbóka og rafrænna hljóðbóka á sænsku á bókasafni Norræna hússins), Hirslu (vísinda- og fræðsluefnissafn Landsspítalans), hvar.is (landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum), Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Skemmuni (safn námsritgerða háskólanema og rannsóknarrita kennara og fræðimanna) og timarit.is. (fjöldmörg dagblöð og tímarit sem gefin hafa verið út á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum).

Nemendur í LKN 106 fá safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (75 mín.) og er stutt kynning á safninu og safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Kennarar eru leitir í ýmsum gagnasöfnum, svo sem í Leitum.is, Gegni, Timarit.is og Britannicu. Í lok tímans vinna nemendur verkefni á bókasafni sem þjálfar þá í að leita að heimildum inn á Leitum.is og Gegni og finna út staðsetningu þeirra á safninu.

Einnig er haldnar safnkynningar fyrir nemendur í NÁT 123, þar er megináhersla lögð á að kynna nemendum ýmis gagnasöfn sem nýtast þeim í náminu. Mikil áhersla var lögð á nýja leitarvefinn leitir.is en auk hans fengu nemendur kynningu á Vísindavefnum, Timarit.is, Landbunadur.is og að greinum í landsaðgangi inn á leitir.is. Nemendur vinna svo verkefni í heimildaöflun sem gildir til einkunnar. Til að þessar kynningar skili sem bestum árangri eru þær haldnar eftir að kennarar hafa lagt fyrir stór hópaverkefni sem gera kröfur um töluverða heimildaleit og sjálfstæð vinnubrögð.

Stuttar kynningar voru fyrir nemendur í ÍSL 212 og ÍSL 203 áður en þeir hófust handa við smíði heimildaritgerðar. Lögð voru fyrir ritgerðarverkefni sem tengdust víkingum á einn eða annan hátt, t.a.m. kuml, ásatrú, blót, híbýli fornanna, siglingar, Ari fróði og Þingvelli svo dæmi séu tekin. Ýmsar heimildir sem tengdust þessu viðfangsefni voru settar á bundið lán sem hjálpuðu nemendum svolítið að komast af stað og í kjölfar safnkynningar fengu nemendur aðstoð við heimildaleitir á safninu. Á vorönn voru útbúnir listar yfir vænleg efnisorð tengd hverju efni.

Sögukennarar óskuðu eftir kynningum fyrir nemendur í sögu 203. Sem fyrr er megináherslan lögð á leitir í Gegni og á leitum.is, Britannicu og timarit.is en þar er hafsþjór af efni úr íslenskum tímaritum og dagblöðum.

Í öllum safnkynningum er unnið að því að efla heimildarýni nemenda og að þeir beri virðingu fyrir ritsmíðum annarra og vandi meðferð heimilda. „Cut og paste“ er því miður að færast í vöxt meðal framhaldsskólanemenda og er í raun ekkert annað en ritstuldur. Skera þarf upp herör gegn þessu vandamáli og brýna fyrir nemendum að viðhafa ekki slíka vinnubrögð.

Skráning:

Skráning safnkosts og frágangur hans er mikilvægur liður í starfi safnsins. Mikil áhersla er lögð á að skrá nýtt safnefni eins fljótt og hægt er. Eldra safnefni er skráð eftir því sem tími vinnst til svo og bókaþjóf frá ýmsum aðilum.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 50 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Einnig á safnið mörg eldri tímarit sem hætt hefur verið útgáfu á. Eldri tímaritin eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins.

Öll tímarit í eigu safnsins voru tölvuskráð í Metrabók en í ársbyrjun 2009 var byrjað að skrá aðföng tímarita í Gegni. Á heimasíðu bókasafnsins er listi yfir tímaritaeign safnsins.

Aðföng og skráning 2011-2012:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2011</u>	<u>Vorönn 2012</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	262	245	507
Myndbönd		7	7
Mynddiskar (DVD)	10	10	20
Geisladiskar	5	2	7
Margmiðl.diskar	1		1
Hljóðbækur	9	6	15
Spil/leikjakassar	3		3
Kort	8		8
<u>SAMTALS</u>	<u>298</u>	<u>270</u>	<u>568</u>

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Júní 2011</u>	<u>Afskrifað 2011-2012</u>	<u>Aðföng 2011-2012</u>	<u>Maí 2012</u>
<u>BÆKUR</u>	16.010	254	507	16.263
<u>MYNDBÖND</u>	413	7	7	413
<u>DVD</u>	342	1	20	361
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	155		7	162
<u>SNÆLDUR</u>	202	8		194
<u>MARGM.DISKAR</u>	78	11	1	68
<u>TÖLVUDISKL</u>	1			1
<u>SKYGGNUR</u>	13			13
<u>FORRIT</u>	8	2		6
<u>GLÆRUR</u>	21			21
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	25		3	28
<u>GAGNASETT</u>	1			1
<u>KORT</u>	21	1	8	28
<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	117		15	132
<u>SAMTALS</u>	<u>17.537</u>	<u>284</u>	<u>568</u>	<u>17.821</u>

Gjafir:

Veturinn 2011-2012 bárust margar góðar gjafir frá velunnurum safnsins. Sveitarfélagið Árborg og Rangárþing ytra auk Ásahrepps færðu skólanum veglegar bóka gjafir í tilefni 30 ára afmælisins í september.

Alls voru skráðar 170 bækur, sex myndbönd og fjórar hljóðbækur. Mikilvægt er að tekið sé við gjöfum án kvaða og safnið ráðstafi þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Rekstrarkostnaður 2011:

Bækur	356.618
Tímarit og blöð	197.134
Myndefni	26.460
Hljóðbækur	20.175
Margmiðlunarefni	1.506
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	345.432
Landsaðgangur að gagnasöfnum	72.394
Snara, veforðabækur	50.000
Greinasafn Morgunblaðsins og Doktor.is	32.639
Hnattlíkan	7.946
Bæklingastandar	4.860
Litaprentari	45.831
Prentvörur	158.907
Ritföng, bréfabindi, umbúðir um safnefni	22.504
Bókaplast	52.595
Leturborðar fyrir merkivél	29.897
Viðgerð á safnefni	5.219
Mynddiskar til afritunar	5.795
Viðhaldskostnaður	6.289
Aðflutningsgjöld	<u>2.394</u>
	1.444.595
Tekjur vegna ljósritunarvélar og fl.	<u>14.160</u>
Samtals	1.430.435

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 12 tölur, ein fartölva, skanni, skrifari, tveir litaprentarar (annar í kjallara), tveir laserprentarar, tvöfalt segulbandstæki til afritunar, segulbandstæki fyrir tungumálaverkefni, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert ljósritað blað.

Tölva í kjallaranum var uppfærð á vorönn og sömuleiðis sett upp nýtt geisladrif og skrifari. Forstöðumaður fékk nýja fartölvu í júní 2011 af gerðinni Lenovo ThinkPad SL510.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsníðuð á sínum tíma.

Stólsetur voru farnar að rifna upp á allnokkrum stólum og var skipt um áklæði á 25 stólum á vorönn. Fest voru kaup á rakatæki og gólfviftu á skólaárinu.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettir litaprentari og laserprentari. Laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3005x er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er góð aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp sem aðallega inniheldur bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í þessu vinnurými eru einnig geymd myndbönd safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni og eru þær lánaðar til nemenda í skamman tíma. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu. Í kjallara er aðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni auk þess sem rúmgóð geymsla er undir geymsluskráð efni og eldri tímarit.

Fundur, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihöpi um upplýsingatækni sem haldnir eru hálfsmánaðarlega.

Elín tók sæti í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis vorið 2011 og gegnir þar stöðu ritara. Haldnir voru þrír formlegir fundir á skólaárinu auk þess sem tölvupóstur var óspart notaður. Félagið stóð fyrir veglegri notendaráðstefnu þann 11. nóvember sl. í Þjóðarbókhöð. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá og aðsókn mjög góð, kynnt var ný leitargátt íslenskra bókasafna, fjallað um tækninýjungar í bókasafnskerfum, rafbækur sýndar og möguleikar þeirra og loks söguleg umfjöllun um skráningu safngagna frá spjaldskráningu til Gegnis, samskrár íslenskra bókasafna. Síðar sama dag var ný leitarvefur, Leitir.is, opnaður við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi en Landskerfi bókasafna boðaði þá til afmælisráðstefnu í tilefni af 10 ára afmæli sínu.

Á vormánuðum var unnið að breytingum á lögum félagsins. Skipuð var lagabreytingarnefnd sem lagði fram sínar tillögur í lok mars. Stjórnin lagði þær fram á fulltrúaráðsfundi sem haldinn var 27. apríl og voru þær samþykktar. Mesta breytingin felst í skipan fulltrúaráðs félagsins. Til þessa hafa verið fulltrúar frá stjórnunareiningum Gegnis sem byggja m.a. á landfræðilegri skiptingu. Þannig hefur Elín verið fulltrúi fyrir stjórnunareininguna SUD50. Eftir lagabreytingar verða nú fulltrúar frá ýmsum safnategundum, t.a.m. einn fulltrúi frá framhaldsskólasöfnum, einn fulltrúi frá grunnskólasöfnum o.s.frv. Framhaldsaðalfundur verður haldinn í lok september nk. og verða þá skipaðir nýir fulltrúar safnategunda.

Aleflí hélt aftur notendaráðstefnu þann 27. apríl í Þjóðarbókhöðu. Á að giska 40 manns sóttu ráðstefnuna þar sem fjallað var um notendafraeðslu í Háskólanum í Reykjavík, nafnmyndastjórnun í Gegni annars vegar og í Leitum hins vegar, lagabreytingar kynntar og sagt frá starfi Bókasafns Orkustofnunar við að gera efni stofnunarinnar rafrænt og aðgengilegt öllum notendum.

Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum voru fjórir talsins á skólaárinu. Þeir voru haldnir í Fjölbrautaskólanum við Ármúla 7. nóvember, í Menntaskólanum í Reykjavík 12. desember, í Kvennaskólanum 15. mars og í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum 23. maí. Elín fór á fundinn í FÁ og Kvennaskólanum en komst því miður ekki á hina tvo.

Elín fór á málþing námsbrautar í bókasafns- og upplýsingafræði ‘Þekking til framtíðar – nýbreytni og þróun í rannsóknum í bókasafns- og upplýsingafræði’ sem haldið var í Þjóðarbókhöðu 14. október. Mörg áhugaverð erindi voru á dagskránni og þetta er góður vettvangur til að fylgjast straumum og stefnum í fræðunum.

Landskerfi bókasafna hélt námskeiðið „Stefnumót við framtíðina“ fyrir bókaverði á Suðurlandi þann 3. nóvember í Ráðhúsi Árborgar. Kynntar voru ýmsar breytingar sem urðu við uppfærslu Gegnis í 20. útgáfu um miðjan ágúst, ný samþætt leitargátt sem síðar fékk heitið Leitir.is, SFX krækjukerfið og millisafnalán. Elín og Steinunn sóttu námskeiðið sem var vel sótt af bókavörðum víðs vegar af Suðurlandi.

Elín fór á rafbókaráðstefnu sem haldin var á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, þann 5. mars á Grand Hótel í Reykjavík. Markmið ráðstefnunnar var fræðsla um rafbækur og bókasöfn. Um 200 manns sóttu ráðstefnuna sem sýnir vel áhuga fólks á þessum nýja miðli sem býður upp á ótal tækifæri, ekki síst við kennslu og miðlun efnis. Það verður spennandi á komandi misserum að fylgjast með hlutverki bókasafnanna hvað varðar innkaup og útlán rafbóka. Enn sem komið er, er aðeins eitt safn á Íslandi sem lánar út rafbækur en það er Bókasafn Norræna hússins sem lánar út sænskar rafbækur.

Lokaorð:

Í heildina gekk starfsemi safnsins ákaflega vel á liðnu skólaári. Haustönnin einkenndist af miklu annríki, fyrst í tengslum við 30 ára afmæli skólans með sýningahaldi og uppákomum á safninu og síðan tók við mikil verkefnavinna nemenda. Vorönnin var lengur í gang ef svo má segja, kannski vegna mikillar ótíðar og þess að fella þurfti niður kennslu tvo daga í janúar. Safnið er almennt mikið notað af nemendum og er það vel.

Fjárhagur safnsins hefur nokkuð vænkast og er mjög ánægjulegt að geta haldið áfram markvissri uppbyggingu safnkosts. Því miður glímir safnið við mikið plássleysi. Eldra safnefni og tvítök hafa verið geymsluskráð en nú er svo komið að geymslurými er einnig á þrotum í kjallara. Það er því afar brýnt að bæta úr þessu og festa kaup á fleiri hillum í geymslurými safnsins.

Selfossi 1. júní 2012

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands